

**35. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 10. ágúst og hófst hann kl. 09:00.****Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Starfsmannamál
4. Varaoddviti
5. Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd
6. Næsti fundur hreppsnefndar

Egill Sigurðsson oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna til fundar og leitaði afbrigða að bæta við undirliðunum q) fundur fjallskiladeildar Holtamannaafreittar haldinn 9. ágúst sl. við 1. dagskrárlið „fundargerðir“.

Samþykkt.

**Gengið til dagskrár:****1. Fundargerðir**

- a) **43. fundur Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps haldinn 15. Júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

- b) **112. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs. haldinn 9. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

- c) **36. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. haldinn 9. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

- d) **35. fundur félagsmálanefndar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 13. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

- e) **48. fundur stjórnar Brunavarnar Rangárvallasýslu bs. haldinn 21. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

- f) **179. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 21. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

- g) **113. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs. haldinn 23. júní sl. mál nr. 17 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 17 1604037 - Ásmúli 165264: Ásmúli 1A-1C og Ásmúlasel: Stofnun lóða**

Lögð fram að nýju umsókn Hellatúns ehf. dags. 12. apríl 2016 þar sem óskað er eftir stofnun fjögurra lóða úr landi Ásmúla Inr. 165264. Afgreiðsla var frestað á fundi skipulagsnefndar 25. apríl og óskað umsagnar Vegagerðarinnar. Nú liggur umsögn fyrir sbr. tölvupóstur dags. 26. maí þar sem bæði er gerð athugasemd við fjölda tenginga og einnig afmörkun lóða með fram Ásvegi. Fyrir liggur uppdráttur þar sem tengingum hefur verið fækkað til samræmis við athugasemdir Vegagerðar en afmörkun lóðanna hefur ekki verið breytt.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðanna með fyrirvara um samþykki*

*Vegagerðarinnar fyrir breytingum á tengingum. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.*

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og staðfestir afgreiðsluna.

- h) **37. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. haldinn 23. júní sl. mál nr. 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 1. 1511069 – Farartæki**

Í samþykktri fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2016 var gert ráð fyrir kaupum á tveimur nýjum Toyota Hilux bílum. Búið er að panta bílana og er von á öðrum um næstu mánaðamót og hinum um mánuði síðar. Heildarverð bílana er um 13 milljónir og er gert ráð fyrir að taka 70% lán hjá Ergo til 5 ára.

*Stjórnin beinir því til aðildarsveitarfélaganna að samþykkja lántöku til bifreiðakaupa.*

Hreppsnefnd samþykkir lántökuna fyrir sitt leyti.

**Mál nr. 2. 1511013 – Gjaldskrá**

Kynnt tillaga að breyttri gjaldskrá byggðasamlagsins til að koma til móts við breytingar á sem gerðar hafa verið á byggingarreglugerð varðandi tilkynntar framkvæmdir. Þá hafa verið gerðar minniháttar breytingar á rúmmetragjaldi íbúðarhúsa og þjónustuhúsnæði og tímagjaldi starfsmanna.

*Stjórn byggðasamlagsins samþykkir breytta gjaldskrá og beinir því aðildarsveitarfélaganna að staðfesta þá afgreiðslu.*

Hreppsnefnd samþykkir tillögu stjórnar fyrir sitt leyti.

**i) 5. fundur Odda bs. haldinn 26. júní sl.**

Lagt fram til kynningar.

**j) Aðalfundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 5. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**k) 49. fundur stjórna Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 5. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**l) Aðalfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 5. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**m) 180. fundur stjórna Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 5. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**n) 114. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs. haldinn 12. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**o) Fundargerð frá umhverfisnefnd Ásahrepps haldinn 27. júlí sl.**

Lagt fram til kynningar.

**p) Vorfundur Bergrisans bs. haldinn 19. maí sl. mál nr. 2 þarfnast umfjöllunar.**
**Mál nr. 2 Þjónustusamningur sveitarfélaganna sem standa að Bergrisanum.**

*Þjónustusamningur sveitarfélaganna sem standa að Bergrisanum, endurnýjaður þar sem samningurinn rann út um sl. áramót. Ásta fór yfir og kynnti samninginn. Eina breytingin sem gerð er á honum er að hann er látinn gilda út kjörtímabilið eða til desember 2018. Samningurinn verður sendur til aðildarsveitarfélaganna til samþykktar.*

Hreppsnefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

**q) Fundur fjallskiladeildar Holtamannaafreittar, haldinn 9. ágúst sl. Liður 1, 2 og 3 þarfnast umfjöllunar.**
**Liður 1. Réttir**

*Ísleifur lagði fram tillögu að breytingu á réttardegi í Haldrétt.*

*Samþykkt að réttað verði einni viku fyrr en verið hefur þ.e.a.s. 11. september.*

*Réttað verður í Þóristungnarétt 18. september.*

*Samþykkt.*

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

**Liður 2. Leitarstjórn**

*Guðmundur Hauksson biðst undan því að vera leitarstjóri á Búðarhálsi. Fjallskiladeild þakkar honum fyrir vel unnin störf.*

*Samþykkt að Ísleifur Jónasson verði leitarstjóri á Búðarhálsi í fyrri leitum og Tyrfingur Sveinsson verði leitarstjóri í seinni leitum.*

*Karl Ölvisson verður leitarstjóri á Þóristungum.*

*Leitarstjórum er falið að halda til haga upplýsingum um fjölda fullorðinna kinda og senda á skrifstofu Ásahrepps.*

Samþykkt.

Hreppsnefnd staðfestir tillögu fjallskiladeildar.

### **Liður 3. Laun og þóknunir vegna fjallferða**

*Helst óbreytt frá fyrra ári.*

*Umsjón 23.500 kr. á leit.*

*Ráðskona 16.800 kr. á dag.*

*Fjallmaður 9.600 kr. á dag.*

*Fjórhjól 12.800 kr. á dag.*

*Hestur 840 kr. á dag.*

*Fæði 6.500 kr. á dag.*

*Bíll 110 kr. á km.*

Samþykkt.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu fjallskiladeildar.

## **2. Erindi til hreppsnefndar**

### **a) Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki I fyrir Kálfholt 2.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir að fá sent afrit af rekstrarleyfi þegar það verður gefið út.

BJJ sat hjá við afgreiðslu málsins.

### **b) Beiðni frá Guðmundu Ellen Sigurðardóttur um styrk vegna þátttöku hennar í landsliði ungmenna í hestaíþróttum sem keppir fyrir hönd Íslands á Norðurlandamótinu í Biri í Noregi í ágúst.**

Samþykkt að veita 50.000 kr. styrk.

### **c) Erindi frá Víðsjá, rit Blindrafélagsins um auglýsingu í riti félagsins sem gefið verður út í ágúst.**

Hafnað.

### **d) Beiðni um auglýsingu frá Krafti, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein.**

Samþykkt að kaupa styrktarlínu að upphæð 10.000 kr.

### **e) Erindi frá Ferðamálastofu um samstarf vegna mats og kortlagningar viðkomustaða ferðafólks, „Kortlagning auðlinda ferðapjónustunnar“.**

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt.

### **f) Beiðni frá Griffllu bókaforlagi um styrk við rafræna útgáfu af Íslendingasögunum.**

Hafnað.

### **g) Beiðni frá Batasetri Suðurlands um styrk að lágmarki 150.000 kr. fyrir árið 2016.**

Málinu vísað til félagsmálanefndar.

### **h) Beiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um sjónarmið hreppsnefndar til þess að Vatnajökulsþjóðgarður verði tilnefndur á heimsmínjaskrá UNESCO.**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við það fyrir sitt leyti.

## **3. Starfsmannamál**

Með bréfi dags. 20. júní sl. sagði Barbara Meyer upp starfi sínu á skrifstofu hreppsins. Hreppsnefnd þakkar Barböru fyrir samstarfið og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið og ganga frá ráðningu.

Samþykkt.

## **4. Varaoddviti**

Nanna Jónsdóttir hefur óskað eftir lausn frá starfi sínu sem varaoddviti Ásahrepps.

Samþykkt.

## Hreppsnefnd

Gengið til atkvæðagreiðslu.

Niðurstaða:

Brynja J Jónasdóttir 1 atkvæði.

Elín Grétarsdóttir 3 atkvæði

Auður seðill 1 atkvæði.

Elín Grétarsdóttir er varaoddviti Ásahrepps.

### 5. Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd

Birgir Skaptason hefur óskað eftir því að fá leyfi frá nefndarstörfum fyrir Ásahrepp.

Hreppsnefnd samþykkir að leysa Birgi frá störfum og þakkar honum fyrir samstarfið.

Samþykkt að Tyrfingur Sveinsson verði formaður nefndarinnar.

Samþykkt að Guðmundur Hauksson verði varamaður.

### 6. Næsti fundur hreppsnefndar

Samþykkt að næsti fundur hreppsnefndar færist til og verði miðvikudaginn 21. september.

#### Til kynningar:

- A. Tillaga að eigendastefnu fyrir Þjóðlundur – forsætisráðuneytið.
- B. Strætó / Fréttatilkynning vetraráætlun höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin.
- C. NATA, styrkir á sviði ferðamála.
- D. LEIÐBEININGAR vegna umsókna til undirbúnings tillögu um verndarsvæði í byggð.
- E. Sveitarstjórnarvettvangur EFTA.
- F. Landsfundur jafnréttisnefnda 2016 16. sept. og ráðstefna 15. sept. takið daginn frá.
- G. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2016.
- H. Fréttabréf hagdeildar júlí 2016.
- I. Ráðstefnan "Læsi-skilningur og lestraránægja" á Akureyri 17. september nk.
- J. Norræn ráðstefna um heimsminjamál 21. - 23. september 2016.
- K. Umsóknir um styrki til að undirbúa tillögur að verndarsvæði í byggð.
- L. Fundargerð 840. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- M. Brú til nýrra tíma - LSS verður Brú.
- N. Tilraunaverkefni um rafrænar íbúakosningar.
- O. Minnisblað frá fundi vísindaráðs almannavarna um Bárðarbungu.
- P. One Mála og skjalakerfi fyrir sveitarfélög - í takt við nútíma kröfur um stjórnsýslu.
- Q. Ísland ljósvætt – mikilvægasta hagsmunamál landsbyggðarinnar.
- R. Nýjar endurskoðaðar verklagsreglur fagráðs eineltismála í grunnskólum.
- S. Mat og mælingar á árangri skólastarfs: Vegur til farsældar?
- T. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
- U. Íslensk sveitarfélög – ný skýrsla frá Íslandsbanka.
- V. Landsvirkjun, umhverfisskýrsla 2015.
- W. Aðalfundur Háskólafélags Suðurlands 2016.
- X. fundargerð 841. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Y. Niðurstaða könnunar um stöðu leiguíbúða sveitarfélaga 2015.
- Z. 509. fundur stjórnar SASS.
- AA. Tíund fréttablað RSK, ágúst.
- BB. Framkvæmd nýrra laga um almennar íbúðir.
- CC. Erindi frá siðanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga mál nr. 1/2016.
- DD. Fasteignamat 2017.
- EE. Ársskýrsla 2015 Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga.

Fundargerð yfirlesin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 11:00

## Hreppsnefnd

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)